**Alþingi**
**Erindi nr. Þ** 136/1134
**komudagur** 10. 3. 2009

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

DAGSETNING TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. mars 2009 02-2009030122
T-ums 07/09

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007 - 358. mál, þskj. 608.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 4. mars 2009 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007 - 358. mál, þskj. 608.

Með frumvarpinu er lagt til að í lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði lögfest ákvæði er heimili Fjármálaeftirlitinu að greina frá niðurstöðum mála og athugana sem byggjast á lögunum. Sambærileg heimild er nú 139. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að það ákvæði falli brott og einungis verði kveðið á um heimildina í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem séu þau lög sem Fjármálaeftirlitið starfar eftir.

Ríkisskattstjóri telur að fyrirliggjandi tillögur séu líklegar til að gera fjármálamarkaðinn gagnsæinn en full ástæða er til að svo verði. Gerir ríkisskattstjóri því ekki athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Guðrún J. Jónsdóttir Skúli Eggert Þórðarson

AÐSETUR LAUGAVEGUR 166 PÓSTFANG 150 REYKJAVÍK KENNITALA 540269-6029 SÍMI 563-1100 SÍMBRÉF 562-4440 NETFANG rsk@rsk.is VEFFANG www.rsk.is